

## 13. gr.

Umboðsmenn þjóðjarða skulu nákvæmlega hegða sjer eftir erindisbrjefum þeim, sem þeim voru sett, er þeir tóku við umboðinu, að því er snertir umboðsstjórn, innheimtu umboðstekna og skil á þeim, bókfærslu o. fl.

Nr. 6.  
17. júní.

## 14. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. október 1915, og falla frá sama tíma úr gildi reglugjörð um opinber reikningsskil 13. febr. 1873 og reglugjörð 25. maí 1878.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 17. júní 1915.

*Einar Arnórsson.*

*Indriði Einarsson.*

## Lög

um

heimildir fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af  
Norðurálfuófriðnum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Sameinað Alþingi kýs, jafnskjótt sem verða má, 5 manna nefnd, til þess að vera landsstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir til að tryggja landið gegn afleiðingum af Norðurálfuófriðnum.

## 2. gr.

Í þessum tilgangi heimilast stjórninni, ef þörf gerist:

1. Að kaupa frá útlöndum fyrir landssjóðs hönd hæfilegar birgðir af nauðsynjavöru, svo sem korni, kolum, salti, steinolíu, vjelaolíu, veiðarfærum, læknislyfjum o. s. frv.
2. Að verja til slíkra kaupa handbæru fje landssjóðs, er hann má missa frá öðrum lög-mæltum útgjöldum.
3. Að taka enn fremur alt að 1 miljón króna lán til slíkra kaupa.

Nr. 7.  
21. ágúst.

Nr. 7.

21. ágúst.

3. gr.

Landsstjórninni er og heimilt að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á aðfluttum vörum, ef slíkt skyldi reynast nauðsynlegt. Þó er heimilt að birgja upp skip, er sigla frá Íslandi til næstu erlendrar hafnar, sem það ætlar að koma á, svo og fiskiskip meðan þau stunda fiskiveiðar við Ísland.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef ástæða er til að óttast matvælaskort í landinu.

Bannað er að flytja út úr landinu mör og tólg.

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi matvæli og eldsneyti hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi.

Enn fremur heimilast landsstjórninni að leggja bann við tilbúningi verslunarvöru, sem nauðsynleg matvæli eru notuð til, án þess að verslunarvaran sjálf geti talist til nauðsynjavöru.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður, hvort gera skuli framangreindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, eða teknar eignarnámi, og hvernig skuli selja þær.

5. gr.

Landsstjórnin ákveður með reglugjörð eða reglugjörðum, ef þörf þykir, hvernig framkvæma skuli ráðstafanir þær, er hún gerir samkvæmt lögum þessum og má verja til þess fje úr landssjóði, ef með þarf.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, er landsstjórnin gerir með heimild 3. gr. laganna, ákveður landsstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga um leið og hver ráðstöfun er gerð. Landsstjórnin getur krafist þess, að viðlögðum sektum, að einstakir menn og fjelög gefi henni þær skýrslur um birgðir af vörum og þörf á vissum vörutegundum, er henni þykir þurfa til að mynda sjer álit um vörupörfina á hverjum tíma.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til loka næsta þings, nema löggjafarvaldið geri aðrar ráðstafanir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 21. ágúst 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*